

Framkvæmdasvið

Verkefni í tengslum við Þingsályktun um

framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012 til 2014.

Framkvæmdaáætlunin á að mynda ramma utan um stöðumat og frekari áætlanagerð í málefnum fatlaðs fólks og þjóni mikilvægu hlutverki í samvinnu ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd og endurmat í þjónustu við fatlað fólk á Íslandi.

Óskað er eftir að Framkvæmdasvið beri ábyrgð á og vinni að verkefni A1 í framkvæmdaráætlun.

A.1 Manngert umhverfi.

Markmið verkefnisins er að tryggja öllum jafnt aðgengi að manngerðu umhverfi.

Óskað er eftir því að Framkvæmdasvið geri úttekt á aðgengismálum hvað varðar aðgengi að opinberum byggingum, umferðarmannvirkjum og öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að. Í framhaldinu verði gerð áætlun um úrbætur ef við á.

Þeir samstarfsaðilar sem leita má til eru Skipulagsstofnun og Mannvirkjastofnun.

Verkefnið á að standa yfir á tímabilinu 2012 til ársloka 2013. Vinna þarf úttekt og áætlun um úrbætur. Úttekt verði lokið fyrir í maí 2013 og áætlun liggja fyrir um úrbætur fyrir árslok 2013.

Óskað er eftir því að Framkvæmdasvið komi einnig að öðrum verkefnum sem Fjölskyldusvið stýrir og getið er í Framkvæmdaáætlun s.s. *C.4 Aðgengi að þjónustu*, *C.7 Val um búsetu*, *C.8 Húsnæðisgerð*.

C.4 Aðgengi að þjónustu.

Markmiðið er að tryggja að þjónusta við fatlað fólk á heimili sínu uppfylli þjónustubörf á hverju þjónustusvæði og stefna að því að biðlistum verði eytt markvisst. Hafnarfjarðarbær þarf því að gera áætlun um það hvernig mæta eigi þörf fyrir þjónustu þannig að bið eftir þjónustu verði í lágmarki og aldrei meiri en tólf mánuðir, sbr. reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

Þörf er á húsnæði til að mæta þeim sem eru á biðlista. Áætlanagerð á að vera lokið fyrir árslok 2012 og mæling á árangri á að fara fram í árslok 2014. Kostnaðaráætlun á að liggja fyrir í árslok 2012.

Mæla þarf í lok verkefnis hlutfall einstaklinga sem fá úrlausn innan tólf mánaða.

C.7 Val um búsetu.

Markmiðið er að fatlað fólk hafi til jafns við aðra val um búsetu í samræmi við óskir sínar og þarfir. Hafnarfjörður þarf því að tryggja að fjölbreyttir húsnæðiskostir verði í boði og áætlun sett þar um. Allt húsnæði á að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, um lágmarksstærð einkarýmis og aðgengi. Kanna verður hvernig unnt sé að auka aðgengi fatlaðs fólks að lánnum á hagstæðum kjörum til íbúðakaupa og styrkjum og/eða lánnum til breytinga á eigin húsnæði sem og nauðsynlegra breytinga á húsnæði fjölskyldna fatlaðra barna.

Samstarfsaðilar í verkefninu sem leita má til eru Íbúðalánasjóður og velferðarráðuneytið.

Verkefnið á að vinna á tímabilinu 2012–2014. Kostnaðargreining á að liggja fyrir árið 2013.

Liggja þarf fyrir í lok verkefnis:

- a) Áætlun um uppbyggingu fjölbreyttra húsnæðiskosta sem verða í boði og kostnaðargreining á að liggja fyrir.
- b) Hlutfall húsnæðis sem uppfyllir reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu og hlutfall húsnæðis sem uppfyllir ekki reglugerðina og kostnaðargreining á hvað kostar að ljúka verkefninu.
- c) Kostnaðargreining ef við á og áætlun um:
 - a. Aukið aðgengi fatlaðs fólks að lánnum á hagstæðum kjörum til íbúðakaupa.
 - b. Aðgengi að styrkjum og/eða lánnum til breytinga á eigin húsnæði.
 - c. Aðgengi að styrkjum og/eða lánnum til nauðsynlegra breytinga á húsnæði fjölskyldna fatlaðra barna.

C.8 Húsnæðisgerð.

Markmiðið er að öll heimilisumgjörð fatlaðs fólks fullnægi almennum viðmiðum um heimili fólks samkvæmt reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fólk á heimili sínu. Gera á áætlun fyrir Hafnarfjörð í samvinnu við hagsmunaaðila og notenda þar sem tekið sé mið af gildandi reglugerð. Lögð verði niður í áföngum búseta sem ekki uppfyllir framangreind skilyrði, svo sem herbergjasambýli. Aukin verði framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að mæta kostnaði við aukna húsnæðisþörf. Samstarfsaðili Hafnarfjarðar í verkefninu er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Áætlun á að liggja fyrir í lok árs 2012 og stöðumat á að vinna árið 2013. Mat á þörf fyrir aukin fjárframlög á að liggja fyrir árið 2014. Í lok tímabils á að hve miklu leiti herbergjasambýlum hefur fækkað.

Stjórnsýslusvið

Verkefni í tengslum við Þingsályktun um

framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012 til 2014.

Framkvæmdaáætlunin á að mynda ramma utan um stöðumat og frekari áætlanagerð í málefnum fatlaðs fólks og þjóni mikilvægu hlutverki í samvinnu ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd og endurmat í þjónustu við fatlað fólk á Íslandi.

Óskað er eftir að Stjórnsýslusvið beri ábyrgð á og vinni að verkefni A5 í framkvæmdaráætlun.

A.5 Upplýsingar.

Markmið verkefnisins er að allt fatlað fólk hafi óhindraðan aðgang að upplýsingum um réttindi sín og þá þjónustu sem í boði er. Óskað er eftir því að Upplýsingafulltrúi og Tölvudeild sjái til þess að á heimasíðunni verði aðgengilegt efni fyrir fatlað fólk. Fyrirmynd að framkvæmd gæti verið frá Reykjavíkurborg sem hefur þegar gert nauðsynlegar breytingar á vefsvæði sínu og fengið vottun. Þannig geta hópar fatlaðra sem ekki geta nýtt sér hefðbundna framsetningu efnis notað vefinn. Einnig verði horft til þeirra sem ekki geta notað sér vefinn með aðgengi að upplýsingum hjá ráðgjöfum á viðeigandi stöðum. Stefnt er á að fyrir árslok 2013 sé heimasíðan komin með vottun (tvö þrep af þremur). Gátlista fyrir vottun heimasíðu má finna á www.sja.is - aðgengisúttekt – aðgengisvottun - forgangur I, II, III

Þeir samstarfsaðilar sem leita má til eru Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Óskað er eftir því að Stjórnsýslusvið komi að öðrum verkefnum sem Fjölskylduþjónustan hefur umsjón með og þá með tilliti til kostnaðar og fjármála s.s. *C.4 Aðgengi að þjónustu*, *C.7 Val um búsetu*, *C.8 Húsnæðisgerð*.

C.4 Aðgengi að þjónustu.

Markmiðið er að tryggja að þjónusta við fatlað fólk á heimili sínu uppfylli þjónustubörf á hverju þjónustusvæði og stefna að því að biðlistum verði eytt markvisst. Hafnarfjarðarbær þarf því að gera áætlun um það hvernig mæta eigi þörf fyrir þjónustu þannig að bið eftir þjónustu verði í lágmarki og aldrei meiri en tólf mánuðir, sbr. reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

Þörf er á húsnæði til að mæta þeim sem eru á biðlista. Áætlanagerð á að vera lokið fyrir árslok 2012 og mæling á árangri á að fara fram í árslok 2014. Kostnaðaráætlun á að liggja fyrir í árslok 2012.

Mæla þarf í lok verkefnis hlutfall einstaklinga sem fá úrlausn innan tólf mánaða.

C.7 Val um búsetu.

Markmiðið er að fatlað fólk hafi til jafns við aðra val um búsetu í samræmi við óskir sínar og þarfir. Hafnarfjörður þarf því að tryggja að fjölbreyttir húsnæðiskostir verði í boði og áætlun sett þar um. Allt húsnæði á að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010, um þjónustu við

fatlað fólk á heimili sínu, um lágmarksstærð einkarýmis og aðgengi. Kanna verður hvernig unnt sé að auka aðgengi fatlaðs fólks að lánum á hagstæðum kjörum til íbúðakaupa og styrkjum og/eða lánum til breytinga á eigin húsnæði sem og nauðsynlegra breytinga á húsnæði fjölskyldna fatlaðra barna.

Samstarfsaðilar í verkefninu sem leita má til eru Íbúðalánasjóður og velferðarráðuneytið. Verkefnið á að vinna á tímabilinu 2012–2014. Kostnaðargreining á að liggja fyrir árið 2013.

C.8 Húsnæðisgerð.

Markmiðið er að öll heimilisumgjörð fatlaðs fólks fullnægi almennum viðmiðum um heimili fólks samkvæmt reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fólk á heimili sínu. Gera á áætlun fyrir Hafnarfjörð í samvinnu við hagsmunaaðila og notenda þar sem tekið sé mið af gildandi reglugerð. Lögð verði niður í áföngum búseta sem ekki uppfyllir framangreind skilyrði, svo sem herbergjasambýli. Aukin verði framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að mæta kostnaði við aukna húsnæðisþörf. Samstarfsaðili Hafnarfjarðar í verkefninu er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Áætlun á að liggja fyrir í lok árs 2012 og stöðumat á að vinna árið 2013. Mat á þörf fyrir aukin fjárframlög á að liggja fyrir árið 2014. Í lok tímabils á að hve miklu leiti herbergjasambýlum hefur fækkað.

Fræðslusvið

Verkefni í tengslum við Þingsályktun um

framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012 til 2014.

Framkvæmdaáætlunin á að mynda ramma utan um stöðumat og frekari áætlanagerð í málefnum fatlaðs fólks og þjóni mikilvægu hlutverki í samvinnu ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd og endurmat í þjónustu við fatlað fólk á Íslandi.

Óskað er eftir að Fræðslusvið beri ábyrgð á og vinni að verkefni G1 í framkvæmdaráætlun.

G.1 Samfella milli skólastiga.

Markmiðið er að auka samstarf fjölskylduþjónustu og skólakerfis við að samþætta þjónustu og nám fatlaðra nemenda og tryggja að samþættingin fylgi nemendum allan námsferilinn. Vinna á áætlun, tímanlega, fyrir hvern nemanda í samstarfi við (næsta skólastig) þann skóla, hvort sem það er leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli eða háskóli, sem nemandi hefur áhuga á að sækja þannig að skólinn sé tilbúinn þegar nemandinn hefur nám. Á það meðal annars við um öflun hjálpartækja, sértæk úrræði í námi við upphaf náms og námsefni og persónulega aðstoð á skólatíma.

Samstarfsaðilar Fræðslusviðs eru Fjölskylduþjónusta, leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og háskólar.

Hefja á gerð einstaklingsáætlana fyrir þau börn sem byrja í leikskólum árið 2013 og vinna á sama tíma áætlanir fyrir þá nemendur sem nú þegar eru í námi. Ljúka á við að gera áætlanir fyrir alla nemendur í leikskólum og grunnskólum í árslok 2013. Mæla á fjölda áætlana í árslok 2014.

Óskað er eftir því að Fræðslusvið komi að öðrum verkefnum í Framkvæmdaráætlun sem Fjölskylduþjónustan hefur umsjón með s.s. *C.9 Heildræn þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.*

C.9 Heildræn þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Þar sem markmiðið er að öll fötluð börn alist upp í fjölskyldu. Að börn á öllum aldri fái heildstæða þjónustu. Gera á áætlun fyrir hvert barn um hvernig skuli samþætta félags-, skóla- og frístundaþjónustu í samræmi við aldur, fötlun og þarfir barnsins og fjölskyldu þess.

Samstarfsaðilar Fjölskylduþjónustu eru skólar, frístundaheimili og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Kostnaður á að vera innan ramma en fjármagn gæti þurft að flytja milli þjónustubátta.

Mælikvarði verkefnisins miðast við hlutfall fatlaðra barna í Hafnarfirði sem er með heildstæða áætlun árin 2013 og 2014.